



ÁLIT

FLUGÖRYGGISSTOFNUNAR EVRÓPU NR. 05/2008

29. september 2008

um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar varðandi breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003/EB, 20. nóvember 2003 um áframhaldandi flughæfi loftfara og tengdra vara, varahluta og búnaðar, og um samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.

„Tímatakmörk fyrir sannpröfun á að kröfum um þekkingu og reynslu sé fullnægt“

DRAFT

I. Almennt

1. Tilgangur þessa álits er að leggja til við framkvæmdastjórnina breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003/EB¹. Umfangi þessarar reglusetningaraðgerðar er lýst í skipunarbréfi (e. Terms of Reference eða ToR) 66.004 og nánar hér að neðan.
2. Við samþykkt álitsins hefur verið farið eftir ferlinu sem stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu (stofnunin)² tilgreindi í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 216/2008/EB³ (vísað til hér á eftir sem grunnreglugerðin).

II. Umsagnaleitun

3. Tilkynning um fyrirhugaða breytingu (e. Notice of Proposed Amendment eða NPA) 2007-02 sem innihélt uppkastið að álitum varðandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2042/2003/EB var birt á vefsíðu stofnunarinnar 20. mars 2007.
4. Fyrir lok umsagnafrestsins 21. júní 2007 hafði stofnunin fengið 196 umsagnir frá 55 landsstjórnvöldum á sviði flugmála, fagsamtökum og einkafyrirtækjum.
5. Móttaka allra umsagna sem bárust hefur verið staðfest og þær hafa verið felldar inn í Svör við umsagnaleitun (e. Comment Response Document eða CRD) 2007-02, sem var birt á vefsíðu stofnunarinnar 1. apríl 2008⁵. Þetta CRD skjal inniheldur lista yfir alla einstaklinga og/eða stofnanir, sem hafa gefið umsagnir, og svör stofnunarinnar.
6. Tvær hernaðarlegar stofnanir og einn rekstraraðili í flutningaflugi í atvinnuskyni hafa brugðist við CRD skjalinu. Svipuð viðbrögð bárust frá báðum hernaðarlegu stofnunum og endurspeglar misskilning á því fyrirkomulagi sem lýst er hér að neðan: Staðreyndin er sú að þessi breyting felur sérstaklega í sér tillögu um leið fyrir fólk sem starfar við viðhald á hernaðarsviðinu til að koma inn á borgaralega markaðinn án þess að upphafleg sannprófun á grunnþekkingu sem kann að hafa átt sér stað í fyrra starfi missi gildi sitt. Hins vegar kann að vera nauðsynlegt að meta jafngildi hennar í prófeiningum. Í viðbrögðum borgaralega rekstraraðilans felst algjör höfnun á tillögunni í heild og er ekki tekið tillit til þeirra þar sem umsögn aðilans er einstök og hann gerir sér ekki grein fyrir heildarávinningi hennar frá öryggissjónarmiði.

III. Innihald álits stofnunarinnar

7. Þann 20. nóvember 2003 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins reglugerð nr. 2042/2003/EB um áframhaldandi flughæfi loftfara og tengdra vara, varahluta og búnaðar, og um samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði. Í ákvæðum Viðauka III við reglugerðina (lið-66) felst leyfisveitingakerfi fyrir starfsfólk sem vinnur við vottun.
8. Útgáfa allra viðhaldsleyfa fyrir flugför byggist á grunnþekkingu og reynslukröfum.
Auk þess er hægt að ábekja leyfið fyrir ákveðnar tegundir þegar leyfishafi mætir tilskildum kröfum um fræðilega og praktíska þætti tegundarþjálfunarinnar.

¹ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003/EB dags. 20. nóvember 2003 um áframhaldandi flughæfi loftfara og tengdra vara, varahluta og búnaðar, og um samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjórnartíðindi EB L 315, 28.11.2003, bls. 1). Reglugerð sem síðast var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 376/2007/EB (Stjórnartíðindi L 94, 4.4.2007, bls. 18).

² Ákvörðun stjórnarinnar varðandi það ferli sem stofnuninni ber að fylgja við útgáfu Álita, vottorða, tilgreininga og ráðgefandi efnis (reglugsetningarferli). EASA MB 08-2007, 13.06.2007.

³ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 216/2008/EB, 20. febrúar 2008, um almennar reglur um almenningssflug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB (Stjórnartíðindi L 079, 19.03.2008, bls. 1).

⁴ Sjá skjalasafn reglugerðasetninga á http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/r_archives.php.

⁵ Sjá skjalasafn reglugerðarsetninga á http://www.easa.europa.eu/ws_prod/r/r_archives.php.

9. Landsyfirvöld með aðild að evrópska almenningflugsráðstefnunni (e. European National Civil Aviation Authorities eða NAAs) voru á þeirri skoðun að takmarka bæri þann tíma sem umsækjendur um leyfi hefðu til að sýna fram á að þeir uppfylltu settar þekkingar- og reynslukröfur og leggja fram umsókn um leyfi eða ábekinguna vegna tegundapjálfunar fyrir bæði grunnleyfið og ábekinguna. Þetta myndi tryggja að reynslan væri nýleg og að viðfangsefnin í þekkingarprófun væru ekki úrelt. Slík tímatakmarkun hefði verið til staðar í sumum landskerfum og myndi auðvelda að viðhalda háu stigi þekkingar og öryggis.
10. Verkefnið að móta álit um breytingu á lið-66 og/eða ákvörðun um að breyta AMC/GM tengd honum var falið hópi sem gerði uppkastið og þá skilgreiningu sem hér fer á eftir. Hópurinn samanstóð af fulltrúum atvinnugreinarinnar og landstjórnvöldum á sviði flugmála. Þetta reglusetningarverkefni var kallað 66.004 („Tímatakmark fyrir sannprófun á að kröfum um þekkingu og reynslu sé fullnægt“).
11. Við könnun hópsins á málinu kom í ljós að:
- Varðandi grundvallar þekkingarkröfur segir í núverandi Viðauka II við lið-66 að ljúka verður öllum einingum sem mynda heilan flokk eða undirflokk viðhaldsleyfa fyrir flugför innan fimm ára frá því að lokið er við fyrstu eininguna (nema ef um er að ræða einingar sem eru sameiginlegar fyrir fleiri en einn flokk eða undirflokk viðhaldsleyfa fyrir flugför í Lið-66 sem þegar hefur verið lokið). Hins vegar eru engin takmörk sett varðandi fjölda tilrauna eða biðtíma milli tilrauna við einstaka einingu.
 - Auk þess eru engin takmörk í gildandi reglugerðum varðandi tímunn frá því að grundvallarþekking er sannprófuð þar til sótt er um leyfi. Til dæmis er hægt að sækja um leyfi 25 árum eftir að grundvallarþekking hefur verið sannprófuð.
 - Varðandi kröfur um grunnreynslu í því tilfalli þar sem mestar takmarkanir gilda (og samkvæmt gildandi 66.A.30 ákvæðum) skal umsækjandi um viðhaldsleyfi fyrir flugför hafa öðlast fimm ára praktiska reynslu við viðhald á flugfari í rekstri ef umsækjandinn hefur enga fyrri viðkomandi tæknilega þjálfun. Hins vegar eru engin takmörk varðandi tímallengd frá því að búið er að afla þeirrar reynslu sem krafist er þar til sótt er um leyfi. Til dæmis er hægt að sækja um leyfi 25 árum eftir að hafa öðlast tilskylda reynslu (aðra en lágmark nýlegrar reynslu sem nú er krafist).
 - Varðandi tegundapjálfun þá eru engin tímatakmark sett fyrir:
 - Að ljúka við tegundapjálfunina;
 - Að sækja um leyfi eftir lok tegundapjálfunar.
 - Innra samræmi núverandi kröfu er ekki tryggt þar sem eftirfarandi atriði eru ekki skilgreind:
 - Hvers lags skjöl þarf að leggja fram með umsókninni;
 - Hvenær skrifleg gögn til stuðnings umsókninni verða að vera send til þess landsyfirvalds á sviði flugmála sem gefur út viðhaldsleyfið fyrir flugför;
 - Hvort fullnægja verður þekkingar- og reynslukröfum fyrir bæði grunnleyfið og ábekinguna vegna tegundapjálfunar áður en hægt er að senda umsóknina til landsyfirvaldsins.
 - Ennfremur er ekki tilgreint innan hvaða tímaramma þarf að leggja fram allar tilskyldar einingar með umsókninni.
12. Með hliðsjón af ofangreindri greiningu er lagt til að eftirfarandi atriði verði felld inn í lið-66 og lið 147:
13. GRUNDVALLAR ÞEKking OG REYNSLA: Almennt hugtak
- Kveðið er á um að allra nauðsynlegra þekkingareininga og reynslu verði aflað innan „tíu ára“ tímabils áður en umsókn um viðhaldsleyfi fyrir flugför er lögð fram. Markmiðið er að tryggja að reynslan sé nýleg og námsskráin fyrir grundvallar þekkingu sem aflað er sé ekki úrelt svo um munar vegna innleiðingu nýrrar tækni.

Bæta verður fyrir sérhverja tæknibreytingu sem orðið hefur á þessu 10 ára tímabili með nýlegri reynslu sem myndar nokkurs konar öryggisnet.

Þetta „tíu ára“ tímabil var að lokum valið með tilliti til „versta tilfellis“ gildandi reglu sem varðar einstakling (venjulega einhvern sem tekur frumkvæði sjálfur) sem eyðir fimm árum til að standast próf í öllum grunneiningum (núverandi leyfilegt hámark) og þarf síðan að afla sér að hámarki fimm ára reynslu.

Þeir einstaklingar sem taka þátt í samþykktu grunnþjálfunarnámskeiði munu líklega eyða tveimur til fjórum árum (fjórum árum einkum fyrir sum norðurlandanna eða fyrir ýmsar hernaðarlegar stofnanir sem hafa ákveðið að útfæra þjálfun skv. lið-147 sem hluta af kröfum sem þær gera. Í þessu tilfalli er hins vegar einungis krafist tveggja ára reynslu og tíu ár ættu að nægja til að ljúka ferlinu öllu og sækja um leyfi.

Þess ber að geta að í upphafi var ráðgert að tilkynningin um fyrirhugaða breytingu (e. Notice of Proposed Amendment eða NPA) gerði tillögu um aðeins sjö ár til að afla grunnþekkingar og reynslu og sækja um leyfi. Einingapróf eldri en sjö ára myndi þurfa að endurtaka. Verulegur fjöldi umsagnaraðila um NPA töldu þetta vera of takmarkandi og stungu upp á að hámarkið yrði hækkað í 10 ár með hliðsjón af ýmsum þáttum eins og:

- Herþjónustu;
- Erfiðleikum við að vera við nám og vinna á sama tíma;
- Sumum tilfellum af langvarandi veikindum / meiðslum (stundum starfstengdum);
- Innleiðingu eftir þrjár misheppnaðar tilraunir á eins árs biðtíma áður en próf er tekið aftur (sjá hér að neðan).

Þessir umsagnaraðilar efuðust einnig um þörf þess að endurtaka allar einingar sem væru útrunnar. Þetta var líka afstaða hernaðarlegra stofnana sem hafa ákveðið að útfæra þjálfun skv. lið-147 sem hluta af kröfum þeirra og myndi reynast erfitt að halda í starfslið (aðra en leyfishafa undir lið-66) þar sem þeir myndu neyðast til að segja af sér fyrir lok tíu-ára tímabilsins til þess að öðlast nauðsynlega reynslu í viðhaldi í almenningsflugi. Þessar stofnanir myndu í slíku tilfalli taka til athugunar að taka ekki upp lið-147 sem hluta af þjálfun þeirra, en það væri andstætt markmiðum grunnreglugerðar nr. 216/2008/EB þar sem mælt er með eflingu bandalagsreglna. Eins og nánar er lýst í þessu álit gerir lokatillagan ekki kröfu um endurtekningu á einingum sem eru eldri en tíu ára. Hins vegar verður lögbært yfirvald að veita viðurkenningar sínar eftir athugun á þeim breytingum sem orðið hafa á námsskrá grunnþekkingar (Viðauki I við lið 66) á undangengnum tíu árum.

Þess vegna hefur fyrra „fimm-ára“ gildistímabilið til að fullnægja grunnþekkingarkröfunni vikið fyrir „tíu-ára“ gildistímabili til að öðlast bæði grunnþekkinguna og reynsluna áður en sótt er um viðhaldsleyfi fyrir flugför.

14. GRUNNÞEKKING: veiting viðurkenninga

- Eins og áður var getið leggur þetta álit ekki til að einingar umfram tíu ára takmörkin skuli sjálfkrafa teljast vera útrunnar, heldur verði lögbæra yfirvaldinu heimilað að meta hvort námsskrá grunnþekkingar hafi breyst á því tímabili og veita viðeigandi viðurkenningu fyrir þær einingar, hluta af einingum, og atriðum sem hafa ekki breyst. Því getur þurft að endurtaka sumar einingar eða hluta af einingum eða atriðum ef þeim hefur verið breytt að því er varðar gildandi kröfur í lið-66 í Viðauka I.
- Núgildandi Viðauki II við lið 66 (grunnþekkingarpróf) undanskildi einingar 1, 2, 3 og 4 frá tímatakmörkunum vegna þess að þær eru almenns eðlis og munu væntanlega ekki breytast með tímanum. Það er ekki lengur þörf á þessu ákvæði þar sem

lögbæra yfirvaldið mun taka það til athugunar við veitingu viðurkenninga. Full viðurkenning verður veitt fyrir þær einingar sem eru óbreyttar.

Þessu kerfi er núna lýst í 66.A.25 (b) og 66.B.405.

- Til þess að fá viðurkenningar verður umsækjandinn að leggja inn formlega umsókn til lögbæra stjórnvaldsins sem mun gefa út skriflega staðfestingu á hverri viðurkenningu sem er veitt.

15. GRUNNÞEKING: gildi viðurkenninganna

- Einnig verður að taka tillit til þróunar á námsskrá grunnþekkingar, sem lýst er í Viðauka I við lið 66, varðandi hæfni, prófskírteini, o.s.frv. Þegar lögbæra yfirvaldið kemur á fót og uppfærir viðurkenningarnar. Þannig væri tryggt að þekking umsækjandans héldist uppfærð varðandi ríkjandi tækni.

Afleiðing þessa er að allar viðurkenningar (fyrir útrunnar einingar og fyrir öll önnur hæfniskírteini) munu núna falla úr gildi eftir tíu ár. Hins vegar getur umsækjandinn sótt aftur um viðurkenningar á grundvelli nýs samamburðar á upphaflegri þjálfun hans og núgildandi lið-66 Viðauki I. Ný málsgrein 66.B.410 hefur verið sett inn varðandi gildi prófviðurkenningar.

Í þessum breytingum felst að endurskoðun samsvarandi skýrslna um prófviðurkenningar sem framkvæmd væri af lögbæra yfirvaldinu (og kveðið er á um í 66.B.405(d)) ætti að fara fram ekki aðeins þegar breytingar hafa orðið á landshæfnistaðlinum heldur einnig þegar breyting hefur orðið á lið-66 Viðauki I. Viðeigandi breyting hefur verið gerð á málsgrein 66.B.405 (d) til þess að endurspeglar betur þetta ferli.

16. TEGUNDAPJÁLFUN OG TEGUNDAÞRÓF

- „Þriggja ára“ tímatakmörk hafa verið sett til að fullnægja fræðilegum og praktískum þáttum tegundapjálfunar áður en sótt er um ábekinguna viðhaldsleyfisins vegna tegundapjálfunar. Þetta mun koma í veg fyrir:
 - að umsækjandinn fái til dæmis tegundaviðurkenningu á grundvelli 25 ára gamals námskeiðsvottorðs
 - að námskeið um fræðilega og praktíska þætti tegundapjálfunar sé dreift yfir ótakmarkaðan árafjölda.
- Hliðstætt ákvæði hefur verið innleitt fyrir tegundapróf (þar sem ekki er gerð krafa um tegundapjálfun). Þetta „þriggja ára“ hámark:
 - tryggir gott öryggisstig;
 - samræmist þeim landskerfum aðildarríkja sem voru til staðar á undan JAA og EB reglugerð 2042/2003/EB.
- Hámark 3 tilrauna hefur verið sett fyrir grunneiningar og tegundapróf (þegar ekki er krafist tegundapjálfunar) með eins árs biðtíma til endurpjálfunar/náms í kjölfar þriðju tilraunar: í þessu felst að þegar umsækjandi hefur fallið á þremur prófum í röð þarf hann að bíða í eitt ár áður en hann tekur prófið aftur (Viðauki II og Viðauki III við lið-66).

Þessi „þriggja tilrauna“ regla samræmist ýmsum landskerfum aðildarríkja sem voru til staðar á undan JAA og EB reglugerð 2042/2003/EB. Það er almennt litið svo á að þrjár misheppnaðar tilraunir í röð dragi í efa getu lærlingsins til að ná prófum og ná árangri á þessu sviði. Biðtíminn mun gefa umsækjandanum tíma til að fara aftur yfir það svið sem hann/hún hefur fallið á og endurmeta hvöt sína eða hæfileika til að ná árangri.

Að auki er kveðið á um 30 daga biðtíma eftir fyrstu misheppnuðu tilraunina og 60 daga eftir aðra misheppnuðu tilraunina við tegundapróf (þegar tegundapjálfunar er ekki krafist). Þeir biðtímar sem stungið er upp á veita stofnuninni nægan tíma til að

undirbúa prófin í annað sinn samtímis því að próftakanum gefst nægilegur tími til að fara aftur yfir fallfögin.

- Prófdómariinn skal auk þess ekki hafa verið viðriðinn þjálfun próftakans þar sem ekki er krafist tegundaþjálfunar. Þessi nýja krafa tryggir sjálfstæði prófdómara og þjálfara.

Ef um er að ræða nokkrar tilraunir er hvatt til þess að notaðir séu prófdómarar sem hafa ekki komið við sögu í fyrri prófum.

17. UMSÓKN um AML leyfi eða tegundaábekingu á AML

- Þegar sótt er um próf skal umsækjandi staðfesta skriflega við stofnunina sem hefur verið samþykkt samkvæmt ákvæðum liðs-147 eða lögbæra stjórnvaldið fjölda, dagsetningar og prófstofnun allra tilrauna á undangengnum 12 mánuðum. Stofnuninni sem hefur verið samþykkt samkvæmt ákvæðum liðs-147 eða lögbæra stjórnvaldinu er skylt að kanna fjölda tilrauna innan viðkomandi tímaramma (Viðauki III, liður 66, málslíður 4)
- Ennfremur tekur krafan (66.A.10 (b)) núna skýrt fram að umsækjandinn er ábyrgur fyrir að sýna fram á að hann/hún fullnægi öllum viðkomandi þekkingar- og reynslukröfum fyrir bæði grunnleyfið og ábekingu vegna tegundaþjálfunar áður en hægt er að leggja umsóknina inn til landsyfirvalds á sviði flugmála og að útvega öll viðeigandi fylgiskjöl með umsókninni.

18. SKÝRSLUHALD

- Viðkomandi kröfur um skýrsluhald hafa verið útvíkkaðar til þess að ná yfir nýju tímatakmarkanirnar fyrir bæði lið 66 og lið 147.

19. AÐRIR ÞÆTTIR

- Þessar nýju takmarkanir eru svipaðar núverandi kerfi eins og stungið var upp á af JAR-FCL 1 (§1.490 „prófstaðlar“ og §1.495 „viðtöku tímabil“):
 - umsækjandinn hefur 18 mánuði til að ljúka prófi á tilskyldri fræðilegri þekkingu
 - þegar prófi í fræðilegri þekkingu er náð gildir það yfir tímabil allt frá 36 mánuðum til 7 ára eftir því um hvaða leyfi er sótt (CPL eða ATPL) til þess að öðlast flugstunda reynsluna;
 - umsækjandi ætti að endurtaka allt prófið ef hann hefur ekki staðist próf með einni einustu prófritgerð í fjórum tilraunum eða hefur ekki staðist próf með öllum ritgerðum í sex lotum.
- Til stuðnings við ofangreindar breytingar:
 - er viðurkenningarvottorðinu fyrir grunnþjálfun (LIÐUR 147) breytt þannig að dagsetning prófs sem var tekið og náð (fyrir hverja einingu) er tilgreind
 - er viðurkenningarvottorðinu fyrir tegundaþjálfun (PART 147) breytt þannig að dagsetning prófs sem var tekið og náð er tilgreind þar sem nú þarf að skrá upphafs- og lokadagsetningu tegundaþjálfunar.

20. ÁKVÆÐI VARÐANDI NEIKVÆÐA AFTURVIRKNI (Réttindi starfandi umsækjenda).

Með hliðsjón af sanngirniskröfum eru með þessu álit innleidd ákvæði fyrir umsækjendur sem hafa þegar staðist grunnþekkingarpróf (fyrir eina eða fleiri einingar) eða tegundaþjálfunarpróf eða sem hafa þegar öðlast reynslu eða náð prófviðurkenningum áður en þessi fyrirhuguð reglugerð gengur í gildi:

- Nota má grunnþekkingarpróf og prófviðurkenningar sem eru áunnar/veittar áður en þetta álit gengur í gildi fyrir leyfisumsóknir innan 10 ára frá því að þetta álit gengur í gildi (ný málsgrein 66.A.25(c));

- Nota má reynslu sem er fengin áður en þetta álit gengur í gildi fyrir leyfisumsóknir innan 10 ára frá því að þetta álit gengur í gildi (ný málsgrein 66.A.30(g));
- Nota má grunnþekkingar- og praktíska þætti tegundþjálfunar sem er lokið áður en þetta álit gengur í gildi fyrir leyfisumsóknir innan 3 ára frá því að þetta álit gengur í gildi (ný málsgrein 66.A.45(i)).

IV. Mat á reglugerðaráhrifum

21. Eins og nánar er útskýrt í mati á reglugerðaráhrifum í NPA 2007-02 voru eftirfarandi valkostir upphaflega kannaðir áður en NPA var gefið út:

Valkostur 1 – Að gera ekkert

Láta gildandi kröfur haldast óbreyttar, en þær innifela:

- Fimm ár til að standast öll grunneiningapróf.
- Engin tímatakörk til að ljúka tegundþjálfun.
- Leggja má inn umsókn um leyfi eða ábekinguna viðhaldsleyfis vegna tegundþjálfunar án tillits til þess hversu lengi síðan:
 - lokið var við grunneiningar
 - grunnreynslu var aflað (að undanskilinni eins árs nýlegri reynslu)
 - tegundþjálfun eða tegundaprófi var lokið

Valkostur 2 – Setja tímatakörk á grunneininga- og tegundþjálfun til að fá grunnleyfi eða ábekinguna vegna tegundþjálfunar

Valkostur 3 – Afnema öll gildandi tímatakörk

Þessi valkostur myndi afnema gildandi „fimm ára“ hámarkið til að ljúka öllum grunneiningaprófum.

22. Valkosti 3 var hafnað vegna þess að hann gæti lækkað öryggisstigið vegna möguleikans á því að grunnprófinu væri lokið á ótakmörkuðu tímabili og með ótakmörkuðum fjölda tilrauna. Einhvers staðar á ferlinu gæti einstaklingurinn náð prófi án þess að tryggt sé að viðeigandi stig þekkingar á öllu faginu sé til staðar. Efnahagslegur ávinningur fyrir þá fáu einstaklinga (og stofnanir þeirra) sem þurfa mjög langan tíma til að ná prófunum getur ekki vegið á móti þessum neikvæðu áhrifum.
23. Þegar NPA var gefið út fól valkostur 2 í sér eftirfarandi breytingar:
- Öllum grunneiningaprófum (nema 1, 2, 3 og 4) skyldi vera lokið og allar þeirrar reynslu sem krafist er skyldi vera aflað innan sjö ára fyrir leyfisumsókn.
 - Einingar eldri en sjö ára (nema 1, 2, 3 og 4) þyrfti að endurtaka.
 - Prófvíðurkenningar gætu aðeins verið veittar fyrir tæknilega hæfni sem aflað er innan sjö ára fyrir leyfisumsóknina.
 - Tegundþjálfun og tegundapróf skyldu hefjast og vera lokið innan þriggja ára fyrir umsókn um tegundaábekingu leyfis.
 - Kveðið var á um biðtíma eftir fall á grunn- og tegundaprófum.
 - Nærveru tveggja prófdómarar var krafist við tegundapróf.

Þessi valkostur 2 var valinn í stað valkosti 1 (að gera ekkert) vegna þess aukna öryggis sem hann hafði í för með sér. Reynslan myndi vera nýleg og grunn- og tegundþekkingin myndi vera sæmilega nýleg.

24. Við utanaðkomandi umsagnaleitun um NPA bærust engu að síður fjölmargar athugasemdir þar sem bent var á að:
- Sjö ára hámarkið til að afla tilskilinnar grunnþekkingar og grunnreynslu væri of strangt þegar tillit er tekið til nokkurra þátta eins og herþjónustu, erfiðleika við að vera við nám og vinna á sama tíma, langvarandi veikinda eða meiðsla, o.s.frv.
 - Krafan um endurtekningu á öllum einingum sem fara yfir sjö ára hámarkið myndi hafa í för með sér alvarlega byrði, sérstaklega fyrir hernaðarlegar stofnanir. Þetta myndi leiða til þess að stofnanirnar hættu að þjálfa starfsfólk sitt í samræmi við lið-147, og minna vinnuafli myndi vera til reiðu fyrir borgaralegar stofnanir.
25. Til að lágmarka öll þessi áhrif samtímis því sem öryggisstig væri bætt leggur lokatexti þessa álits til eftirfarandi breytingar á NPA textanum:
- Hámarkstími til að ná öllum grunnprófunum, afla þeirrar reynslu sem krafist er og sækja um leyfi var lengdur upp í tíu ár. Þetta gildir einnig fyrir viðurkenningar sem eru veittar fyrir aðra tæknilega hæfni.
 - Þær einingar eða viðurkenningar fyrir aðra tæknilega hæfni sem eru umfram tíu ára hámarkið eru ekki sjálfkrafa álitnar útrunnar, og sá möguleiki er fyrir hendi að fá viðurkenningar fyrir annað tíu ára tímabil. Lögbæra yfirvaldið mun þurfa að bera saman hæfnishliðar upphaflegu og nógildandi námsskráa (liður-66, Viðauki I) til að skilgreina mismun sem kann að vera á þeim.
 - Biðtímar eftir fall á grunn- og tegundaprófum voru lengdir.
 - Aðeins einn prófdómari þarf að vera viðstaddur tegundaprófið.

Köln, 29. september 2008

P. GOUDOU
Forstjóri